

Starfsreglur foreldraráðs

1. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn frá 1. október til og með 31. ágúst og fundar tvisvar sinnum á önn eða eftir þörfum.
2. Í foreldraráði sitja þrjú fulltrúar úr hópi foreldra auk leikskólastjóra. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum ný stjórn er kosin á aðalfundi foreldrafélgsins í október.
3. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að a.m.k einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftirtil að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
4. Fulltrúar ráðsins og starfsreglur þess skulu kynnt á heimasíðu leikskólans. Á fyrsta fundi ráðsins skal kjósa formann og ritara. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans og ráðið fjallar um. Fundargerðir foreldraráðs skulu vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
5. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra.
6. Á fundi foreldraráðs við lok starfstímabils gerir formaður þess nýjum meðlimum ráðsins grein fyrir starfinu á skólaárinu.
7. Helstu verkefni: Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og starfsáætlun vetrarins með leikskólastjóra. Bera skal skóladagatal saman við skóladagatal grunnskólans m.t.t skörunar við skipulagsdaga, vetrarfrí og aðra frídaga. Ráðið skal einnig fjalla um um ábendingar frá foreldrum, sumarlokanir leikskólans og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.
8. Leikskólastjóri skal upplýsa foreldraráð um öll meiriháttar mál sem hafa áhrif á starfsemi leikskólans og gefa þeim kost á að fjalla um þau.
9. Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu í öllum foreldrahópnum skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin eru rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráð fylgir þeim ákvörðunum síðan eftir.
10. Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir og varða fjölskylduaðstæður einstakra barna, heilsufar þeirra eða önnur viðkvæm mál sem eðlilegt er að fari leynt.
11. Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar og endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Vísað er til 11. greinar laga um leikskóla nr.90/2008 til stuðnings og nánari útfærslu er lúta að starfsreglum þessum.